

# Starfsreglur hafnarstjórnar Faxaflóahafna sf.

## 1. gr.

### Skípan stjórnar

- 1.1 Skipan hafnarstjórnar byggir á gildandi sameignarfélagssamningi, nú samningur dagsettur 4. janúar 2023 þar sem ákveðið er að stjórnin skuli skipuð sjö mönnum og jafnmögum til vara.

## 2. gr.

### Verksvið stjórnar

- 2.1 Hafnarstjórn fer með málefni félagsins á milli eigendafunda.
- 2.2 Hafnarstjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikils-háttar.
- 2.3 Meirihluti hafnarstjórnarmanna skuldbindur félagið.
- 2.4 Hafnarstjórn veitir prókúruumboð fyrir félagið.
- 2.5 Hafnarstjórn skal móta tillögur um stefnu í málum eða málaflokkum sem tilgreindir eru í grein 5.5. í sameignarfélagssamningi fyrir félagið, til staðfestingar á eigendafundi:
1. Stefnumörkun og framtíðarsýn Faxaflóahafna sf. til lengri tíma.
  2. Stefnu hvað varðar fjármagnsskipan, þ.m.t. arðgreiðslustefna félagsins.
  3. Áhættustefnu.
  4. Innkaupastefnu.
  5. Starfsmanna- og jafnréttisstefnu.
  6. Starfskjarastefnu.
  7. Stefnu varðandi öryggis-, heilsu- og vinnuvernd.
  8. Umhverfisstefnu.
  9. Upplýsingaöryggisstefnu.
  10. Siðareglur fyrir starfsmenn og stjórn félagsins.
- 2.6 Hafnarstjórn skal fylgjast með að hafnarstjóri fylgi þeim stefnum sem markaðar eru sbr. grein 2.5 hér að framan.
- 2.7 Hafnarstjórn skal árlega gera fjárhagsáætlun og setja gjaldskrá fyrir félagið.
- 2.8 Eftirfarandi mál skulu tekin fyrir í hafnarstjórn með reglubundnum hætti:
- a. Ársreikning ásamt endurskoðunarskýrslu.
  - b. Tillögu að fjárhagsáætlun ásamt greinargerð.
  - c. Rekstrarstöðu fyrir þriggja, sex og níu mánaða rekstur ásamt greinargerð um stöðu helstu verkefna.
  - d. Tillögur að breytingu á skipulagi hafnarsvæða.
  - e. Samninga við fyrirtæki um viðskipti, aðstöðu og úthlutun lóða.
  - f. Tillögur að stefnumálum samkvæmt eigendastefnu fyrirtækisins.
  - g. Gjaldskrá fyrirtækisins.
  - h. Grænt bókhald.
  - i. Útblástursbókhald.
  - j. Kjarasamninga við stéttarfélög starfsmanna.
  - k. Ársskýrslu og samantektir um einstök verkefni.
  - l. Starfsáætlun stjórnar.

- 2.9 Lántökur, ábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar sem nema hærri fjárhæð en 5% af eigin fé félagsins í upphafi viðkomandi reikningsárs skulu lagðar fyrir eigendur til samþykkta. Ákvæði þetta tekur ekki til skammtímalána, þ.e. lántökur til skemmri tíma en 12 mánaða, skuldbreytingar eldri langtímalána og greiðsluskuldbindinga samkvæmt fjárhagsáætlun.

**3. gr.**

**Hafnarstjóri**

- 3.1 Hafnarstjórn ræður forstjóra og er starfsheiti hans hafnarstjóri. Hafnarstjórn ákveður verksvið hans og starfskjör. Hafnarstjórn getur falið formanni hafnarstjórnar að annast samninga við hafnarstjóra um laun hans og önnur starfskjör.
- 3.2 Hafnarstjóri sér um daglegan rekstur félagsins í umboði hafnarstjórnar og skal haga störfum sínum í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða starfsemi félagsins og til samræmis við ákvarðanir stjórnar hverju sinni. Hann skal annast allar framkvæmdir, undirbúning þeirra og áætlanagerð.
- 3.3 Hafnarstjórn skal útbúa starfslýsingu hafnarstjóra.
- 3.4 Hafnarstjóri ræður starfsmenn til félagsins, segir þeim upp og ákveður launakjör þeirra innan ramma þeirra stefnu sem mótuð er fyrir félagið. Hafnarstjóri skal þó hafa samráð við formann hafnarstjórnar um ráðningu og uppsögn framkvæmdastjóra einstakra svíða félagsins.

**4.gr.**

**Fyrirsvar hafnarstjórnar**

- 4.1 Formaður hafnarstjórnar er málsvari hafnarstjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema hafnarstjórn ákveði annað. Einnig kemur formaður hafnarstjórnar fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt hafnarstjóra, í samræmi við hefðir innan félagsins og eðli máls. Formaður hafnarstjórnar kemur einnig fram fyrir hönd hafnarstjórnar gagnvart hafnarstjóra.

**5. gr.**

**Boðun stjórnarfunda**

- 5.1 Hafnarstjórnarfundir skulu að jafnaði haldni mánaðarlega eða svo oft sem þurfa þykir. Formaður hafnarstjórnar boðar til hafnarstjórnarfunda og undirbýr ásamt hafnarstjóra dagskrá fundanna.
- 5.2 Í lok hvers hafnarstjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti hafnarstjórnarfundur skuli haldinn.
- 5.3 Formanni hafnarstjórnar ber að kalla saman fund ef einhver hafnarstjórnarmanna, hafnarstjóri eða endurskoðandi félagsins krefst þess.
- 5.4 Hafnarstjóri á sæti á fundum hafnarstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, nema hafnarstjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 5.5 Til fundar hafnarstjórnar skal boða með minnst þriggja daga fyrirvara. Formaður hafnarstjórnar getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna.
- 5.6 Fundarboð skal að jafnaði vera sent með tölvupósti og skal í því greina dagskrá væntanlegs fundar. Fundargögn skulu send út eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund, nema óhjákvæmilegar aðstæður leiði til annars.

- 5.7 Nú telur formaður hafnarstjórnar ekki stætt á því vegna sérstakra aðstæðna að bíða þess að haldinn verði hafnarstjórnarfundur og getur hann þá tekið ákvörðun um fjar- eða símafund hafnarstjórnar eða að málefnið verði kynnt hafnarstjórnarmönnum skriflega eða símleiðis og atkvæðagreiðsla hafnarstjórnarmanna verði skrifleg eða símleiðis. Slíkur fundur lýtur sömu kröfum um lögmæti og almennur stjórnarfundur. Ganga skal frá fundargerð fjar- eða símafunder á næsta reglulega hafnarstjórnarfundi.
- 5.8 Óski hafnarstjórnarmaður þess að tiltekið mál verði á dagskrá hafnarstjórnarfundar skal slík beiðni að jafnaði berast formanni hafnarstjórnar eða hafnarstjóra a.m.k. viku fyrir fyrirhugaðan hafnarstjórnarfund.
- 5.9 Hafnarstjórn getur í sérstökum tilvikum falið einstökum hafnarstjórnarmönnum, einum eða fleirum, tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á hafnarstjórnarfundi.
- 5.10 Ef hafnarstjórnarmaður forfallast skal varamaður boðaður á hafnarstjórnarfundi í hans stað með sömu réttindum og skyldum og aðalmaður, meðan forföllin vara. Miða skal við að boða varamann sem tilnefndur er af sama aðila og sá stjórnarmaður er forfallast og óháður varamaður skal ávallt boðaður í stað óháðs stjórnarmanns. Í tilviki Reykjavíkurborgar skal hafa til hliðsjónar tilnefningu borgarinnar.

#### 6. gr.

##### **Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.**

- 6.1 Hafnarstjórn er ákvörðunararbær þegar meirihluti hafnarstjórnarmanna sækir fund enda hafi löglega verið til fundarins boðað sbr. greinar 5.5 og 5.6 hér að framan. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir hafnarstjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið sé þess kostur.
- 6.2 Formaður hafnarstjórnar stýrir stjórnarfundum.
- 6.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á hafnarstjórnarfundum í öllum málum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns hafnarstjórnar úrslitum.
- 6.4 Hafnarstjórnarmaður er einungis bundinn af sannfæringu sinni. Í störfum sínum ber honum hins vegar að halda í heiðri eigendastefnu félagsins hvað varðar hlutverk og markmið þess.
- 6.5 Óski hafnarstjórnarmenn að taka upp einstök mál utan hafnarstjórnarfunda skulu þeir snúa sér til formanns hafnarstjórnar eða hafnarstjóra en ekki annarra starfsmanna fyrirtækisins.

#### 7. gr.

##### **Fundagerðir og fundagerðarbók**

- 7.1. Formaður hafnarstjórnar Faxaflóahafna sf. skal sjá til þess að haldin sé gerðabók um það sem gerist á hafnarstjórnarfundum og um ákvarðanir hafnarstjórnar. Fela má tilteknun starfsmanni félagsins að annast fundarritun stjórnarfunda og vörslu fundargagna.
- 7.2 Í gerðabók skal skrá eftirfarandi:
- Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
  - Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
  - Dagskrá fundarins.
  - Stutta skýrslu um umræður á fundum.
  - Ákvarðanir sem teknar eru.
  - Hvenær og hvar næsti hafnarstjórnarfundur verður haldinn.
  - Hver hafi ritað fundargerðina.

- 7.3 Hafnarstjórnarmaður eða hafnarstjóri, sem ekki er sammála ákvörðun hafnarstjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt eða stutta athugasemd bókað í gerðabókina.
- 7.4 Sé fundargerð ekki full frágengin og undirrituð í lok fundar skal hún borin upp til samþykktar í upphafi næsta fundar.
- 7.5 Gerðabók skal undirrituð af þeim er fund sitja. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í gerðabók félagins teljast full sönnun fyrir því sem gerst hefur á hafnarstjórnarfundum. Hafnarstjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann hafnarstjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með undirritun sinni.
- 7.6 Hafnarstjórn skal senda endurrit fundargerða til eigenda. Upplýsingar varðandi viðskiptamenn, gjaldtöku og aðrar trúnaðarupplýsingar skulu skráðar í sérstaka trúnaðarfundargerð sem er ekki hluti gerðabókar.

#### **8. gr.**

##### **Eigendafundir**

- 8.1 Hafnarstjórnarmenn, bæði aðal- og varamenn, eiga rétt til setu á eigendafundum í félagini.
- 8.2 Hafnarstjórn boðar til eigendafunda til samræmis við ákvæði þar að lútandi í sameignarfélagssamningi, nú grein 4.
- 8.3 Á aðalfundi eigenda skal hafnarstjórn skýra frá hag félagsins og rekstri á liðnu ári.
- 8.4 Um eigendafundi er að öðru leiti fjallað í sameignarfélagssamningi um félagið.

#### **9. gr.**

##### **Þagnar- og trúnaðarskylda**

- 9.1 Á hafnarstjórnarmönnum Faxaflóahafna sf. hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt félagssamningi, lögum eða eðli mál, nema um sé að ræða málefni sem hafnarstjórn ákveður að gera opinber eða skylt er að upplýsa um lögum samkvæmt. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 9.2 Hafnarstjórnarmaður skal varðveita með tryggilegum hætti öll gögn sem hann fær afhent til að gegna starfi sínu sem hafnarstjórnarmaður.

#### **10. gr.**

##### **Vanhæfi**

- 10.1 Hafnarstjórnarmaður eða hafnarstjóri mega ekki taka þátt í meðferð mál er varðar samningagerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar beinna eða verulegra hagsmuna að gæta. Skylt er hafnarstjórnarmanni og hafnarstjóra að upplýsa um slík tengsl með eðlilegum fyrirvara.
- 10.2 Leggja skal fyrir hafnarstjórnina til staðfestingar (eða synjunar) alla samninga sem hafnarstjórnarmaður eða hafnarstjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja mans ef hafnarstjórnarmaður eða hafnarstjóri hafa verulega hagsmuni af slíkum samningum.

**11. gr.  
Skýrslur**

- 11.1 Hafnarstjóri skal á hverjum fundi í meginatriðum greina hafnarstjórn frá málum sem varða starfsemi félagsins frá síðasta hafnarstjórnafund. Hafnarstjórn getur á hafnarstjórnafundum krafíð hafnarstjóra og aðra helstu starfsmenn félagsins um upplýsingar og gögn sem hafnarstjórn eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefni sínu.

**12. gr.  
Undirritun ársreiknings o.fl.**

- 12.1 Hafnarstjórn Faxaflóahafna sf. skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda félagsins eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund eigenda.
- 12.2 Ársreikningur Faxaflóahafna sf. ásamt skýrslu endurskoðanda skulu lagðir fyrir hafnarstjórn til afgreiðslu og skal hafnarstjórn ásamt hafnarstjóra undirrita ársreikninginn. Telji hafnarstjórnarmaður eða hafnarstjóri að ekki beri að samþykkja ársreikninginn, eða hann hefur mótbárur fram að færa sem hann telur rétt að eigendur fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.
- 12.3 Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi hafnarstjórnarmanna eða starfsmanna félagsins eða eigenda.

**13. gr.  
Frekari reglur um störf stjórnar**


- 13.1 Um ábyrgð, vald og störf hafnarstjórnar Faxaflóahafna sf. fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt hafnalögum, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum svo og gildandi sameignarfélagssamningi fyrir félagið.

**14. gr.  
Breytingar á starfsreglum stjórnar**

- 14.1 Til breytinga á starfsreglum þessum þarf samþykki einfalds meirihluta hafnarstjórnar.
- 14.2 Frumrit starfsreglnanna skal jafnan vera til staðar í gerðabók félagsins.
- 14.3 Ef hafnarstjórn samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu þær dagsettar og undirritaðar að nýju með þeim breytingum sem gerðar eru.
- 14.3 Nýjum hafnarstjórnarmönnum skulu kynntar gildandi starfsreglur og skal bókað í gerðarbók að þeir hafi fengið reglurnar í hendur og kynningu á efni þeirra.
- 14.4 Hafnarstjórnarmönnum, hafnarstjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af starfsreglum og sameignarfélagssamningi sem í gildi eru á hverjum tíma.

Starfsreglur þessar fella úr gildi starfsreglur hafnarstjórnar sem samþykktar voru á fundi hafnarstjórnar þann 11. janúar 2019.

Faxaflóahafnir sf. 10. mars 2023

Hilga Ólafardóttir.   
Rán S. Brugman   
Jón Ólafsson   
Lægdi. H. Þórhildur   
Guðrún Þorvaldsdóttir 